



LEIKSKÓLINN
ÁLFABORG



Starfsáætlun Álfaborgar

Skólaárið 2020-2021



Bláskógabyggð, september 2020

Erla Jóhannsdóttir

Leikskólastjóri Álfaborgar

Starfsáætlun Álfaborgar

Skólaárið 2020-2021

Bláskógabyggð, september 2020

Erla Jóhannsdóttir

Leikskólastjóri Álfaborgar

Starfsáætlun Álfaborgar
Skólaárið 2020-2021

Starfsáætlun þessi sem er vísir að skólastarfi skólaársins 2020-2021.

Leikskólinn Álfaborg

Reykholt, 806 Selfoss

Sími: 480-3050

Netfang: alfaborg@alfaborgleikskoli.is

Heimasíða: <http://alfaborg.blaskogabyggd.is>

Opnunartími leikskólans: 8:00-17:00

© 2020, Erla Jóhannsdóttir

Starfsáætlun má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla, þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru sem viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af skólanefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skuli starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Álfaborgar skólaárið 2020-2021 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fram fer í leikskólanum. Hún hefur að geyma hlutverk Álfaborgar þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram, en þau eru:

Virðing –Vellíðan - Vinátta

Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, matslista og símenntunaráætlun leikskólans. Skólanámskrá Álfaborgar er í heildrænni endurskoðun þar sem leikskólinn flutti í nýtt húsnæði október 2019. Því var eins og í fyrra ákveðið að búa til starfsáætlun sem felur einnig í sér nokkrum þáttum skólanámskrár. Breytingar eru órjúfanlegur þáttur af leikskólastarfinu. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Í leikskólanum Álfaborg er markmiðið að standa vel að faglegu starfi. Mikið er lagt upp úr því að í leikskólanum ríki góður andi, þar sem starfsmenn leikskólans geti unnið í starfsumhverfi sem er hlýtt og kærleiksríkt. Þegar starfsfólkinu líður vel þá smitar það út frá sér til barnanna og er ávísun á betri líðan þeirra.

Í leikskólanum hefur verið starfað eftir stefnu sem heitir Reggio Emilia en ekki hefur verið hægt að útfæra stefnuna alla leið, sökum húsnæðis og manneklu. Uppeldisstefnan Reggio Emilia hefur í þó náð að móta starf Álfaborgar með góðum árangri og því verður það markmið okkar að innleiða hana aftur upp á nýtt. Þessi starfsáætlun leggur því áherslu á að byggja upp faglegt leikskólastarf í anda Reggio Emilia á nýjum stað. Vellíðan allra aðila í þessu ferli er mjög mikilvæg og viljum við sérstaklega vera faglega undirbúin tryggja vellíðan barna enda er það undirstaða þess að geta þroskast og lært.

Reykholt, 17. sep. 2020

Erla Jóhannsdóttir
Leikskólastjóri Álfaborgar

Efnisyfirlit

Formáli	3
Efnisyfirlit	4
1 Starfsmenn Álfaborgar	6
Stjórnun	6
Krummaklettur.....	6
Lambadalur	6
Smáholt.....	6
Afleysing	6
Eldhús	6
2 Áherslur í starfi Álfaborgar 2019-2020	7
2.1 Hugmyndafræði Reggio Emilia	7
2.2 Sjálfsmynd barna	8
2.3 Leikur	9
2.4 Samstarf heimilis og leikskóla	10
2.5 Nærsamfélagið	11
2.5 Samstarf við grunnskólann	12
2.6 Lestrarstefnan.....	12
2.7 Skólastefna Bláskógabyggðar	12
3 Grunnþættir, nám og skapandi leikskólastarf	14
3.1 Krummaklettur	14
Þemavinna.....	14
Málrækt.....	14
Hreyfing.....	14
Sköpun14	
Stærðfræði.....	14
ART 15	
Skráningar	15
Dagskipulag.....	16
3.2 Lambadalur.....	17
Skráningar	18
4 Mat á skólastarfi	20
5 Símenntunaráætlun Álfaborgar	21

5.1	Skilgreining á símenntunarpörf	21
5.2	Mat á árangri	21
4.3	Ferli við gerð símenntunaráætlun	22
4.4	Fjármögnum símenntunar	23
Viðauki A:	Dagskipulag Krummakletta.....	Error! Bookmark not defined.
Viðauki Á:	Dagskipulag Lambadals	Error! Bookmark not defined.
Viðauki B:	Matsáætlun.....	4
Viðauki C:	Yfirlit yfir símenntun skólaársins	10
	<i>Starfsmannafundir.....</i>	<i>10</i>
	<i>Starfsdagar og haustþing</i>	<i>12</i>
	<i>Námskeið.....</i>	<i>13</i>

1 Starfsmenn Álfaborgar 2020-2021

Stjórnun

Erla Jóhannsdóttir, leikskólastjóri, leikskólak. B.ed. námsm.

erla@alfaborgleikskoli.is

Hildur Hjálmsdóttir, aðstoðarlsk.stj. og sérk.stj. háskólam. Starfsm B.

hildurh@alfaborgleikskoli.is

Guðbjörg Gunnarsdóttir, verkefnastjóri, háskólam. Starfsm. A.

guðbjorg@alfaborgleikskoli.is

Krummaklettur

Bryndís Sveinsdóttir, deildarstjóri, háskólam. starfsmaður A

bryndis@alfaborgleikskoli.is

Aja Jensen, háskólamenntaður starfsmaður A, námsmaður

aja@alfaborgleikskoli.is

Ragnar Líndal Evuson, leiðbeinandi, námsmaður

ragnar@alfaborgleikskoli.is

Óskar Sigmundsson, leiðbeinandi

oskar@alfaborgleikskoli.is

Lambadalur

Lovísa Tinna Magnúsdóttir, deildarstjóri/leiðbeinandi, námsmaður

lovisa@alfaborgleikskoli.is

Eyrún Ósk Egilsdóttir, leikskólakennari B.ed

eyrun@alfaborgleikskoli.is

Bethan Cole, háskólamenntaður starfsmaður B

bethan@alfaborgleikskoli.is

Smáholt

Sigríður Ósk Beck Víkingsdóttir, deildarstjóri/leikskólaliði, námsm.

sigga@alfaborgleikskoli.is

Lucie Jírová, deildarstjóri/háskólamenntaður starfsmaður A

lucie@alfaborgleikskoli.is

Afleysing

Elfa Dís Andersen leiðbeinandi

elfadis@alfaborgleikskoli.is

Maja Vilstrup, háskólamenntaður starfsmaður B

maja@alfaborgleikskoli.is

Eldhús

Georgiana – Madalina Spulber, háskólam. starfsm. B

georgiana@alfaborgleikskoli.is

Fæðingarorlof/leyfi

Lieselot Simoen, leikskólastj, Leikskólakennari M.ed.

lieselot@alfaborgleikskoli.is

Erla Þórdís Traustadóttir háskólam. Starfsm. B, námsmaður

erlat@alfaborgleikskoli.is

2 Áherslur í starfi Álfaborgar 2020-2021

2.1 Hugmyndafræði Reggio Emilia

Stefnan er að byggja starfið í Álfaborg á hugmyndafræði Loris Malaguzzi sem var frumkvöðull og hugmyndasmiður leikskólastarfsins í Reggio Emilia á Ítalíu. Upphaf leikskólanna í Reggio Emilia á Norður Ítalíu á sér sérstæða sögu sem hefst við lok seinni heimstyrjaldarinnar. Mæður risu upp og hófust handa við að byggja leikskóla til þess að börnin þeirra fengju betra líf. Þær vildu skóla þar sem börnin gætu þróað sjálfstæða hugsun og vinnubrögð. Þessi starfsaðferð hefur heillað fólk víða um heim og eftir henni er starfað í mörgum leikskólum.

Sálfræðingurinn og kennarinn Loris Malaguzzi var á móti stífum og niðurnjörfuðum uppeldiskenningum og taldi að þær ættu að geta tekið sífelldum breytingum í takt við samfélagið.

Einkunnarorð Reggio Emilia er að „Börn hafa hundrað mál en tekin eru frá þeim níutíu og níu.“ Í grófum dráttum er átt við að í Reggio eru börnin hvött til að nota málin sín hundrað. Þau fá að kanna umhverfi sitt með öllum skynfærum og tjá sig á sem fjölbreyttastan hátt t.d. með orðum, teikningum, tónlist, hreyfingu o.fl.

Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í Reggio m.a. vegna þess að það er andstæðan við það að börnin séu einungis viðtakendur. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Eitt af því sem einkennir Reggio eru sú virðing sem borin er fyrir hugmyndum barnanna og verkum þeirra. Þau taka sjálf þátt í að skipuleggja verkefni sín og starfið í heild. Áhersla er lögð á samtal barnanna sjálfra. Mikilvægt er að börnin rannsaki og velti fyrir sér hlutunum. Orðin hvað, hvernig og hvers vegna eru mikið notuð til að leiða samtöl og hvetja til virkrar hugsunar.

Mikil áhersla er á myndsköpun og taldi Malaguzzi að í henni feldist mikið nám. Hægt er að nota myndsköpun sem tæki til náms. Aðaláherslan í myndsköpun er á sköpunarferlið sjálft, það sem gerist á meðan barnið er að skapa. En mikilvægt er að sýna verkinu virðingu og jákvæða athygli.

Uppeldisleg skráning er mikið notuð í leikskólum sem vinna í anda Reggio. Skráningin getur haft góð áhrif á starfið því hún gefur miklar upplýsingar t.d. um kunnáttu, áhugasvið og hvernig barnið stendur sig svo eitthvað sé nefnt. Skráningin gefur einnig foreldrum sem og öðrum sem koma að barninu gleggri mynd af því hvað og hvernig barnið lærir og jafnvel hvernig sé hægt að læra af þeim.

Í Reggio er unnið með þema. Þá er eitthvað eitt tekið fyrir í einu t.d. dýr, náttúra, víkingar o.s.frv. Síðan er viðfangsefnið skoðað ofan í kjölinn frá mörgum sjónarhornum og reynt er að nota öll skilningarvit barnanna til að dýpka vitneskju þeirra um viðfangsefnið.

Leikskólinn gefur út dagskipulag á hverju hausti þar sem skipulag deildana kemur fram og rammi skólustarfsins. Þar koma fram matmálstímar, hópastarf, hreyfing og önnur hagnýt atriði.

2.2 Sjálfsmýnd barna í fjölmenningsarsamfélagi

Að byrja í leikskóla þýðir fyrir flest börn að stíga sín fyrstu skref í samfélaginu (Kristín Dýrfjörð, 2009; Siraj-Blatchford, og Clarke, 2000; Vandenbroeck, 2015; Vandevoort og Libin, 2016). Þessi félagslega þátttaka verður þeim spegill sem endurspeglar það hvernig samfélagið horfir á þau og segir þeim hvernig þau ættu að horfa á sig sjálf. Á þessum tímamótum standa börn frammi fyrir mikilvægum spurningum svo sem „hver er ég?“ og „er í lagi að vera ég?“ Vellíðan barna á leikskólum er áriðandi því að börn sem upplifa ekki vellíðan, þrátt fyrir að vera í umhverfi sem einkennist af gæðastarfi, munu ekki læra. Þessi vellíðan er nátengd upplifuninni af að tilheyra eða vera velkominn (Vandenbroeck, 2015).

Vandenbroeck (1999) telur að börn byrji að þróa sjálfsmýnd og sjálfshugmynd (e. selfconcept) sína á unga aldri. Í byrjun leikskólagöngunnar, þ.e. áður en börnin verða þriggja ára eru þau búin að uppgötva að þau eru fólk og eru smám saman að uppgötva hvers konar manneskjur þau gætu orðið. Þau skynja að ef þau tilheyra ákveðnum hópi þýðir það að þau tilheyra ekki öðrum hópi. Í leik er hægt að sjá tilraun barna til að tileinka sér hlutverk en oft er hægt að sjá að börn nota fleiri staðalímyndir en eru fyrir hendi í kringum þau. Eftir þriggja ára aldur eru börn farin að skilgreina sig sjálf byggt á fleiru en kyni eða húðlit. Þau eru þá byrjuð að taka eftir meiri fjölbreytni í menningu og taka að flokka mismunandi þætti til að auðvelda skilning sinn á þessum flókna heimi. Ef börn sem tilheyra ráðandi menningarhópi fá ekki næg tækifæri til að komast í kynni við fjölbreytni, þrátt fyrir næga fjölbreytni í nærumhverfinu, þá munu þau sannfærast um að það sé bara ein rétt leið til að vera til - þeirra leið (Vandenbroeck, 1999).

Ein leið til að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart öðrum og til að koma í veg fyrir staðalímyndir eru myndir tengdar börnum á deildinni, svo sem fjölskyldumyndir. Þannig er foreldrum einnig sýnd virðing og þær kalla líka á samvinnu við foreldra. Með því að gera þess konar myndir sýnilegar verður fjölbreytni barna og fjölskyldna þeirra öðrum sýnilegri. Þar með standa börnin frammi fyrir fjölbreytileika samfélagsins í tengslum við vini sína. Myndirnar sýna börnunum fjölbreytileikann sem eðlilegan og þær vekja upp samtál á milli þeirra og þannig hjálpa þær þeim að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart öðrum (Boudry og Vandenbroeck, 2009).

Siraj-Blatchford og Clarke (2000) benda á að það hvernig fólk horfir á börn og bregst við þeim (e. respond) og fjölskyldum þeirra hefur áhrif á þróun sjálfsmyndar barna. Leikskólakennarar eiga að þeirra mati að skoða hegðun sína í þessu ljósi, spyrja sig hvort þau sýni fordóma og einnig að læra hvernig á að vinna með þetta á jákvæðan hátt. Að styðja við þróun sjálfsmynd barna er aðalhlutverk starfsfólks Álfaborgar. Mismunandi verkefni munu verða útfærð yfir skólaárið. Til dæmis verður búið til fjölskylduvegg, verður fjallað um líkamann og umhverfið.

2.3 Leikur í aðalhlutverki

Leikurinn er aðaltjáningarmáti, náms- og þroskaleið barnsins og því byggist leikskólastarf fyrst og fremst á leiknum. Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfs, lífstjáning og gleðigjafi barns. Hann er uppspretta sköpunar og hugmynda. Af leik skapast ný þekking, nýjar athafnir, tilfinningar og leikni. Félagsleg færni eykst í samskiptum við leikfélaga og barnið lærir að taka tillit til annarra og vinna með öðrum. Leikur er líf og starf barnanna þar sem þau fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og geta sjálf skipað sér í ýmis hlutverk og virkjað þannig sköpunargáfu sína á margvíslegan hátt.

Rannsóknir síðari tíma sýna að árangursríkasta leiðin fyrir nám barna á leikskólaaldri og besta undirbúningurinn fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni er að læra í gegnum leik og eigin upplifanir í virkum samskiptum við börn og fullorðna. Rannsóknir sýna tengsl milli leiks og náms og sýna mikilvægi þess að leikurinn sé á forsendum barna. Í hugum barna er „leikur“ eitthvað sem þau velja sér sjálf að gera en ekki eitthvað sem hinir fullorðnu velja. Það felst „frelsi“ í leik þar sem börnin búa t.d. til sínar eigin leikreglur. Þau gera skýran greinarmun á „leik“ og „vinnu“, en ef fullorðnir stýra athöfnum þeirra þá finnst þeim það oft vera vinna. Ef þau sitja getur þeim fundist það vera eins og vinna vegna þess að þau tengja leik frekar við hreyfingu en kyrrsetu. Að kenna börnum með aðferð beinnar kennslu hefur lítið gildi fyrir nám þeirra. Þær aðstæður hafa í för með sér að börnin eru ólíklegri til að þróa með sér samkennd og í þannig námsaðstæðum læra þau minna af því sem er námsgreinabundið en börn í námi byggðu á leik með öðrum börnum, líklegri til að byggja upp stress viðbrögð og eiga frekar í vandræðum sem unglingar (Golinkoff, Hirsh-Pasek & Singer, 2006).

Grunnurinn að síðara námi er lagður í leikskólanum og það skiptir miklu máli að hann sé traustur svo hægt sé að byggja ofan á hann. Leikurinn er mikilvægur fyrir þroska barna, vitrænan sem tilfinningalegan. Leikurinn virkjar jafnframt sköpunarkraft barna.

Starfið komandi ár verður með hefðbundnu sniði. Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í leikskólastarfinu. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Eitt af því sem

einkennir Reggio eru sú virðing sem borin er fyrir hugmyndum barnanna og verkum þeirra. Oft er talað um að kennarinn eigi að hlusta meira en tala. Áhersla er lögð á samtal barnanna sjálfra. Mikilvægt er að börnin rannsaki og velti fyrir sér hlutunum. Orðin hvað, hvernig og hvers vegna eru mikið notuð til að leiða samtöl og hvetja til virkrar hugsunar. Börnin fá að velja sér sjálf þann efnivið sem þeim langar að fást við og hann er í hæð barnanna.

2.4 Vinátta – Blær

Vináttuverkefnið Blær er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum á leik- og grunnskólaaldri og foreldrum þeirra sem og námskeiðum fyrir kennara. Efnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu Fri for mobberi. Það er þýtt, staðfært og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. Blær bangsi kom fyrst í Krummakletta vorið 2019. Nú er stefnan að innleiða hann á allar deildir á þessu skólaári. Öll börn fá lítin Blæ sem þau hafa í leikskólanum og taka síðan með sér heim þegar leikskólagöngu lýkur.

Eftirtalin gildi eru leiðarljós Vináttu:

- Umburðarlyndi
- Virðing
- Umhyggja
- Hugrekki

2.5 Samstarf heimilis og leikskóla

Starfsfólk leikskólans þarf fyrst og fremst að byggja upp traust samband við foreldra áður en það getur byggt upp traust samband við börn. Þeirra samband hefur áhrif á vellíðan og aðlögun barna í leikskólanum. Gott samstarf á milli foreldra og starfsfólks eykur sem sé vellíðan barnsins. Því er mikilvægt að starfsfólk leikskólans þekki, virði og taki tillit til þeirra væntinga sem foreldrar hafa fyrir börn sín og sömuleiðis þekki, virði og taki tillit til uppeldislegra gilda og venja þeirra. Í Álfaborg er tekið tillit til félagslegs hlutverks leikskólans sem felur í sér að leikskólinn þarf að vera aðgengilegur fyrir sem flesta foreldra; að það sé tækifæri til að félagslegt net þróist í nærsamfélaginu; að leikskólinn sé fundarstaður (e. social meeting place) fyrir alla foreldra þar sem þau upplifa virðingu fyrir fjölbreytni á milli foreldra og á milli barna; að stutt sé við félagslega þátttöku fjölskyldna sem nýta leikskólapláss (ECCE AMA! Childcare in learning networks, 2009).

Margar fjölskyldur eiga við streitu að glíma af mismunandi ástæðum og því er að mati Siraj-Blatchford og Clarke (2000) mikilvægt að leikskólakennarar taki sér tíma og hugi að því hvernig þeir taka á móti, styðja við og hvetja þessar fjölskyldur áfram. Þær halda því fram að engan veginn sé hægt að búast við virkri þátttöku frá foreldrum þegar þeir bera ekkert traust til leikskólakennaranna. Áður en foreldrar geta tekið virkan þátt í leikskólastarfinu þurfa þeir að finna fyrir því að leikskólinn hafi eitthvað að bjóða þeim. Þetta getur verið vinátta, ráðgjöf, upplýsingar um þroska barns, stuðningur en einnig tækifæri til að fá sér kaffibolla og spjalla við aðra foreldra (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000).

Hér á landi starfa leikskólar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) en þar kemur fram að „leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði“ (gr. 10) og að ef innan leikskóla „eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla“ (gr. 9). Foreldrar leikskólabarna eiga að fá skilning og virðingu frá starfsfólkinu og finna fyrir því að innlegg þeirra sé metið að verðleikum og eiga að auki að vera hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Skólaárið 2018-2019 tók leikskólinn upp nýtt leikskólakerfi sem heitir Karellen til að efla upplýsingaflæði og samskipti milli heimilis og skóla. Aðgangur foreldra í innra kerfinu og appinu gefur yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í skólanum svo sem viðveruskráningar; máltíðarskráningar; svefnskráningar; matseðil vikunnar; viðburðardagatal; samtal milli aðstandenda og skólans og myndir af barninu. Auk þess heldur leikskólinn áfram að nota uppeldisfræðilega skráningu til að upplýsa foreldra um börn sín.

2.6 Nærsamfélagið

Nærsamfélagið er hverfið og fólkið sem býr eða vinnur í hverfinu. Hér á landi fara börnin oftast í hverfisskólann sinn. Með þessum hætti eru börnin oft tengd leikskólanum og nærsamfélaginu. Þau búa í hverfinu, fara í skólann þar og lifa lífinu þar. Nærsamfélagsstefnan mótar að mati ECCE AMA! Childcare in learning networks (2009) grunn leikskólastarfsins og hefur þannig áhrif á námskrána og hegðun starfsfólksins. Hún er sérstaklega hönnuð þar sem leikskólar eru alltaf að leita leiða til að þróa leikskólastarfið sem tengir saman foreldra, börn og nærsamfélagið. Áherslan er lögð á umhverfið í kringum leikskólann og það gefur ávinning og tækifæri. Til dæmis að foreldrar og börn geta gengið í leikskólann, börn hitta aðallega vini úr umhverfinu og foreldrar kynnast nágrönnum.

Börn eiga að fá tækifæri til að fara út í nærsamfélagið og leggur aðalnámskrá leikskóla (2011) áherslu á að í lok leikskólagöngunnar verði börn búin að kynnast umhverfi sínu og

starfi skólans og séu þar með undirbúin fyrir það að hefja grunnskólagöngu sína (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Börn hafa mikla þörf fyrir hreyfingu og viljum við leyfa þeim að njóta hennar í náttúrulegu umhverfi utan skólalóðar jafnt og í því umhverfi sem lóð skólans býður upp á. Íþróttahúsið verður einnig notað fyrir tvær elstu deildirnar.

2.5 Samstarf við grunnskólann

Undanfarin ár höfum við verið í mikilli samvinnu við yngstu stig grunnskólans. Má þar nefna að elsti hópurinn er með 1. bekkjar kennara fyrir hádegi á þriðjudögum þar sem meiri áhersla er lögð á hefðbundnar námsgreinar.

Leikskólaával er einnig orðinn fastur liður hjá okkur þar sem nemendum á unglingsstigi grunnskólans gefst tækifæri til að kynna leikskólastarfinu.

2.6 Lestrarstefna

Lestrarstefnan spilar mikilvægt hlutverk í leikskólanum. Með henni er mótuð heildarsýn í lestrarkennslu sem á að tryggja eðlilega þróun lestrarnáms og samfellu. Mótun lestrarstefnu felur í sér skilgreiningu á markmiðum og leiðum og segir hvert skuli stefna. Stefnan hjálpar okkur að móta íslenskukennsluna á heildstæðan hátt. Innleiðing lestrarstefnu eflir skilning og þekkingu á læsishugtakinu. Með mótun lestrarstefnu er einnig hægt að samræma mat á lestri nemenda og bregðast við frávikum. Markviss viðbrögð geta skipt sköpum og mikilvægt að þau eigi sér stað um leið og grunur um erfiðleika vaknar. Þannig er leitast við að tryggja jafnan rétt nemenda til náms. Stefnunni er ætlað að veita foreldrum stuðning og yfirsýn við lestur barna sinna.

Lestrarstefna á að vera aðgengileg í skólasamfélaginu og þjóna öllum sem koma að lestrarnáminu, bæði foreldrum og starfsfólki, því læsi fléttast inn í allar námsgreinar og er undirstaða alls náms. Stefnan er því í raun stefna samfélagsins. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja við starfsþróun innan skólanna og stuðla þannig að vel upplýstu og menntuðu starfsfólki.

Hér fyrir neðan er slóð að lestrarstefnu Bláskógabyggðar:

https://www.blaskogabyggd.is/wp-content/uploads/2017/02/Lestrarstefna_Blaskogabyggdar_20_01_17-1.pdf

2.7 Skólastefna Bláskógabyggðar

Starf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar einkennist af jafnrétti allra nemenda. Hverjum einstaklingi á að skapa námsskilyrði þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og

dafnað. Markmið hvors skólastigs er að útskrifa sjálfstæða, lífsglaða einstaklinga sem eru reiðubúnir til frekara náms.

Hér fyrir neðan er slóð á skólastefnu Bláskógabyggðar: :

https://www.blaskogabyggd.is/wp-content/uploads/2018/06/SKÓLASTEFNA_2018.pdf

3 Grunnþættir, nám og skapandi leikskólastarf

3.1 Krummaklettur

Þemavinna

Yfirþemar skólaársins eru sögur og ævintýri. Hver deild velur sér sögur sem hún vill kanna og vinnur í öllum stundum eitthvað tengt sögunum hvort sem það er í listum, söng, útiveru, íþróttum, sögustund eða hvíld. Lögð er áhersla á frumkvæði, samskipti, sjálfsöryggi og sköpun. Farið verður í vettfangsferðir og gerð verkefni og ýtt undir hugmyndaflug barnanna og hvar hægt er að sjá og nýta sér sögur og að búa til sögur í náttúrunni.

Málrækt

Lögð verður áhersla á að auka orðaforða og tjáningu með lestri bóka, söng, sögu- og leikritaspuna. Unnið verður með tölur, ljóð, rím orð og atkvæði klöppuð. Það verður leikið með málið og fjölbreyttan orðaforða. Börnin verða hvött til að tjá sig um það sem er í umhverfinu inni og úti og það notað í skapandi starf. Málörvun fer fram alla daga og í öllum aðstæðum. Ritmál verður gert sýnilegt með bókum en einnig með merkingum á hlutum. Pappír og ritföng verða höfð sýnileg og hvatt til notkunar á þeim í frjálsum leik.

Hreyfing

Samhæfing, þol, jafnvægi og líkamsvitund eru lykilatriði. Börnin fara í skipulagðar hreyfistundir í íþróttahúsið einu sinni í viku yfir veturinn og fara í hreyfistundir í salinn í leikskólanum. Þar eru fjölbreytt áhöld og efniviður og munum við leggja áherslu á samvinnu og gleði. Öll börn fara út minnst einu sinni á dag þar sem þau upplifa náttúruna og reyna á líkama og huga.

Sköpun

Börnin vinna með og kanna fjölbreyttan efnivið. Þau vinna með frjálsa myndsköpun. Það verður einnig unnið með sköpun og hún tengd þemavinnu, t.d. tengja saman sköpun og stærðfræði. Unnið verður með bækur, þulur, sögur og ævintýri.

Stærðfræði

Á Krummaklettum viljum við skapa fjölbreytt tækifæri til stærðfræðilegra leikja þar sem börnin læra og þekkja mismunandi hugtök. Til að mynda lögun, tölur og talnagildi, form, para og flokka. Markmið þess er að auka þekkingu barna á helstu grunnþáttum stærðfræðinnar í gegnum leikinn. Leiðir til þess eru:

- ✓ að skapa fjölbreytt tækifæri og aðstæður til kubbaleikja

- ✓ vinna með kubba og tengja við tölur og hugtök
- ✓ vinna með bækur
- ✓ sögur og þulur sem innihalda takt og tölur
- ✓ skrifa tölustafi
- ✓ teikna og lita form
- ✓ fara í vettvangsferðir og vinna með mynstur og form úr vettvangsferðunum
- ✓ leika með leir

ART

Á Krummaklettum vinnum við með ART, *Agressive Replacement Training*, til að byggja upp sjálfstraust barna. ART er færniþjálfun sem hjálpar börnum að þjálfra félagsfærni, sjálfstjórnun/reiðistjórn og siðferði/rétt og rangt. Markmið þess eru:

- ✓ Þjálfra félagsfærni: Samskiptafærni hjálpar barninu að takast á við ýmsar tilfinningar við krefjandi aðstæður með öðrum börnum.
- ✓ Sjálfstjórnun: Reiði og ofbeldi getur komið börnunum í vandræði og þarna er þeim kennt að takast á við og stjórna reiðinni.
- ✓ Siðferði: Stundum er erfitt að vita hvað er rétt og rangt. Skoðaðar klípusögur til að læra það. (klípusögur eru sögur sem segja til um hvað er rangt að gera í þeim aðstæðum sem verið er að þjálfra og hvað er rétt að gera).

Leiðirnar eru:

- ✓ Sýnikennsla: Þar sem börnunum er sýnt hvernig færnin er notuð.
- ✓ Hlutverkaleikir: Þar sem barnið prófar að nota færnina sjálf.
- ✓ Endurgjöf: Þar sem börnunum er sagt hvernig því gekk.
- ✓ Yfirfærsla: Þar sem barnið prófar sjálf að nota færnina þegar, þar og með þeim sem það þarf á að halda.

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Skráningar kennara	ART verkefni	ART kennarar

Skráningar

Skráningar eru gerðar til þess að auðvelda börnum, foreldrum, samfélaginu og starfsfólki í leikskólanum að vera opin fyrir margbreytileika mannlífsins. Markmið skráninga eru:

- ✓ Að auka skilning á hvernig og hvar nám á sér stað.

- ✓ Að byggja upp þekkingu
- ✓ Að skilja börnin betur, styrkleika þeirra og áhugasvið.
- ✓ Að skilja sjálfan sig betur.
- ✓ Að auðvelda börnum, foreldrum, samfélaginu og starfsfólki í leikskólanum að vera opin fyrir margbreytileika mannlífsins.

Leiðir til þess eru:

- ✓ Uppeldisfræðilegar skráningar og til þess eru notuð hjálpartæki eins og
 - Ljósmyndun
 - Segulband
 - Teikning
 - Myndbönd
 - Samsetning aðferða

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Skráningar starfsfólks	Uppeldisfræðilegar skráningar	Allir starfsmenn

Dagskipulag

Markmið dagskipulags eru:

- ✓ Að börnin öðlist öryggi og festu yfir atburði dagsins.
- ✓ Að fylgja öllum námsþáttum aðalnámskrár eftir.

Leiðir til þess eru:

- ✓ Nýta húsnæði og tíma betur með því að keyra bæði hópastarf og útiveru samtímis.
- ✓ Sjónrænt dagskipulag

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Skráning og endurmat	Mæla vellíðan og þátttöku barna	Deildarstjóri Allir starfsmenn

3.2 Lambadalur

Leikur

Í Lambadal er frjáls og sjálfsprottinn leikur barna í hávegum hafður. Í gegnum hann læra börnin að hafa samskipti hvort við annað, þau læra að deila með sér hlutum og fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og reynslu. Þess vegna þarf að gefa börnunum nægt rými og tíma fyrir frjálsan leik. Efniviðurinn þarf að vera opinn og stuðla að sköpunargleði barnanna þannig að þau geti þróað leikinn áfram á sínum forsendum. Einnig þarf hann að vera börnunum aðgengilegur, í þeirra hæð, svo þau fái tækifæri til að sýna frumkvæði, efla sjálfstæði sitt og sjálfshjálp.

Málrækt

Rík áhersla verður lögð á að auka orðaforða og hugtakaskilning með því að setja orð á athafnir og hluti. Sjálfsmýnd barnsins, með yfirsögninni „ég sjálf(ur) og fjölskyldan mín“, verður í brennidepli sem stuðlar að því að barnið lærir orð og hugtök því tengdu. Lesnar eru bækur fyrir börnin sem innihalda einfaldan texta en mikið af myndum og börnin jafnan hvött til að segja hvað þau sjá á myndunum. Einnig er rætt um tilfinningar, svipbrigði og góða framkomu við aðra, svo dæmi séu tekin. Mikið er sungið með börnunum, bæði í skipulögðum söngstundum og á forsendum barnanna. Í söngstundunum er stuðst við Lubbi finnur málbein, þar sem börnin læra nýtt málhljóð í hverri viku og Tákn Með Tali, sem getur hjálpað börnum að tjá sig.

Inn á deild er myndrænt dagsskipulag sem veitir börnunum ákveðið öryggi því þar sjá þau hvað er framundan á hverjum degi. Einnig er ritmálið sýnilegt, það er að segja leikfangakassar, húsgögn og fleira innviði leikskólans er merkt, þannig að rituð orð eru ávallt fyrir augum barnanna.

Sköpun

Börn hafa þörf á að rannsaka og skoða á eigin forsendum. Það fá þau að gera gegnum hvers konar sköpun, hvort sem það er byggingaleikur með ólíka kubba, segul, mótunarefni eins og leir og annan verðlausan efnivið sem ýtir undir nýjar upplifanir og uppgötvanir.

Sköpunargleði barnanna fær einnig að njóta sín í skipulögðum stundum, það er að segja myndlist, tónlist og hreyfingu. Í myndlistinni kynnast þau alls konar málningu, svo sem þekjulitum, vatnslitum og fingramálningu og þau fá fínhreyfipjálfun í að klippa eða rífa og líma. Líkamsvitund barnanna eflist í gegnum hreyfingu, bæði í útiveru og í íþróttahúsinu, en þau fara í íþróttahúsið einu sinni viku. Þar fá þau að hreyfa sig frjálst en einnig eru settar upp

þrautabrautir. Í tónlist fá börnin að kynna fjölbreyttri tónlist og söngvum, auk þess sem þau fá að skapa tónlist með ólíkum hljóðgjöfum.

Bókin um Lubba er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Markmiðin eru einfölduð og einnig notuð fyrir 1. árs börnin. Markmið Lubba eru að efla hljóðánám barnanna og að börnin læri fyrsta hljóðið í nafninu sínu ásamt tákni.

Leiðir til þess eru:

- ✓ Lubbatáknin notuð í frjálsum leik og daglegu starfi.
- ✓ Söngstundir og sögustundir.
- ✓ Skipulögð lubbastund 1 sinni í viku.
- ✓ Hlusta á Lubbadiskinn.

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Skráningar starfsfólks	Lubbaverkefni	Kennarar

Skráningar

Skráningar eru gerðar til þess að auðvelda börnum, foreldrum, samfélaginu og starfsfólki í leikskólanum að vera opin fyrir margbreytileika mannlífsins. Markmið skráninga eru:

- ✓ Að auka skilning á hvernig og hvar nám á sér stað.
- ✓ Að byggja upp þekkingu
- ✓ Að skilja börnin betur, styrkleika þeirra og áhugasvið.
- ✓ Að skilja sjálfan sig betur.
- ✓ Að auðvelda; börnum, foreldrum, samfélaginu og starfsfólki í leikskólanum að vera opin fyrir margbreytileika mannlífsins.

Leiðir til þess eru:

- ✓ Uppeldisfræðilegar skráningar og til þess eru notuð hjálpartæki eins og
 - Ljósmyndun
 - Segulband
 - Teikning
 - Myndbönd

3.3 Smáholt

Leikur

Í Smáholti er frjáls og sjálfsprottinn leikur barna í hávegum hafður. Í gegnum hann læra börnin að hafa samskipti hvort við annað, þau læra að deila með sér hlutum og fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og reynslu. Þess vegna þarf að gefa börnunum nægt rými og tíma fyrir frjálsan leik. Efniviðurinn þarf að vera opinn og stuðla að sköpunargleði barnanna þannig að þau geti þróað leikinn áfram á sínum forsendum. Einnig þarf hann að vera börnunum aðgengilegur, í þeirra hæð, svo þau fái tækifæri til að sýna frumkvæði, efla sjálfstæði sitt og sjálfshjálp. Í útiveru fá börnin tækifæri til að leika sér úti innan sem utan leikvallar.

Málrækt

Á Smáholti er unnið með orðaforða. Sett eru orð á alla hluti ásamt því að vera með myndrænt skipulag. Lesið er fyrir börnin að minsta kosti einu sinni á dag og börnin hafa alltaf greiðan aðgang að lesefni. Einnig er sungið að minsta kosti einu sinni á dag, atkvæði klöppuð og dansað.

Tmt: Tákn með tali er notað almennt á deildinni og ná þar með börn sem eru tví- og/eða fjöltyngd að byrja að tjá sig þannig áður en þau ná að byrja að tala. Þetta flýtir fyrir máltöku barnanna og þau geta gert sig skiljanlega fyrir.

Lubbi: Í hverri viku er unnið með einn staf, hann kynntur vel fyrir börnunum og unnið með hann. Einnig er lesið í Lubbabókinni og sungið, hlustað á geisladiskinn og Lubbabangsinn tekin fram og leikið með þeim.

Sköpun

Farið er í myndlist að minsta kosti einu sinni í viku í Listasmiðju. Þar er hópstjóri með börnunum ásamt Verkefnastjóra og þau vinna verkefni og æfa sig í að nota, finna, prófa og upplifa mismunandi efni og liti.

Hreyfing: Börnin á Smáholti fara að minnsta kosti einu sinni í viku í salinn í leikskólanum í markvissa hreyfingu. Þar fá þau að æfa sig í gróf- og fínhreyfingum, jafnvægi og þor.

4 Mat á skólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu vegna þess að það er bæði flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með því að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang á meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun framm í tímann til að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3 – 5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Matsáætlun Álfaborgar má sjá hér að neðan.

Hér að ofan í kaflanum leikskólastarf í Álfaborg er tekið fram hvaða þætti við ætlum að leggja áherslu á í vetur. Þar er tekið fram hvað við ætlum að meta og hvernig við ætlum að gera það svo sem að elstu börnin taka þátt í spurningarkönnun. Auk þess er vellíðan og þátttaka barna metin með notkun „The Leuven scales of wellbeing and involvement“ eftir Próf. Ferre Laevers. Ánægja starfsfólks og foreldra er metin út frá könnun frá Skólapúlsinum. Mikilvægt er að líta á starfið með gagnrýnum augum og endurskoða markmið og áætlanir.

Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og sem dæmi má nefna nokkrar leiðir sem við erum vön að nota í upplýsingaöfluninni.

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu. (Broskarlakönnun, spurningakönnun og The Leuven scales of wellbeing and involvement)

Niðurstöður og úrbótaáætlun mun síðan fylgja starfsskýrslunni sem leikskólastjóri skilar til skólaneftndar í vor.

5 Símenntunaráætlun Álfaborgar

Símenntunaráætlun Álfaborgar er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk fyrir eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

5.1 Skilgreining á símenntunarpörf

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- ✓ Sem eru nauðsynlegir fyrir skólann.
- ✓ Sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans enda eru þau námskeið kennurum að kostnaðarlausu og eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða að skólastjórnendur senda starfsfólk á námskeið sem hentar skólanum.

Ákvörðun skal tekin af skólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannaviðtölum sem haldin eru einu sinni á hverri önn er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður.

5.2 Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.



4.3 Ferli við gerð símenntunaráætlunar

- ✓ Undirbúningur: Ágúst
 - Stjórnandi fær lista sendan frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla um þau námskeið sem eru í boði. Starfsmenn skrá sig á námskeið.
- ✓ Starfsmannasamtal: Október
 - Stjórnendur ræða við starfsmann um hugmyndir að símenntun. Óska eftir tillögum. Fara yfir gögn sem til eru og áætlun starfsmanns skráð.
- ✓ Úrvinnsla: Október
 - Stjórnendur taka saman niðurstöður og vinna símenntunaráætlun skólans.
- ✓ Starfsmannafundur: Nóvember
 - Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi.
 - Almennar umræður
- ✓ Fræðsla og eftirfylgni:
 - Starfsmaður fylgir eftir áætlun og skráir eigin símenntun.
 - Stjórnendur veita stuðning og tryggja að sameiginleg fræðsla eigi sér stað.
- ✓ Mat: Desember
 - Starfsmenn skila yfirliti yfir símenntun tímabilsins.
 - Skólastjóri fer yfir fjárhagsáætlun og setur upp endurmenntunarkostnað.
- ✓ Starfsmannafundur: Janúar
 - Starfsmenn fá uppgöfna lista frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla um þá fræðslufundi sem eru í boði sem og önnur erindi.
 - Starfsmenn koma með óskir um fræðsluerindi.
- ✓ Mat: Mars
 - Starfsfólk metur árangur í lok skólaársins í starfsmannakönnun.
 - Starfsmenn íhuga eigin þörf á símenntun, svara spurningum í starfsmannasamtali.
- ✓ Úrvinnsla: Apríl/maí
 - Skólastjóri vinnur úr niðurstöðum vetrarins og leggur drög að næsta skólavetri.

4.4 Fjármögnum símenntunar

Valkostir:

- Skólinn - Starfsmaðurinn - Símenntunarsjóðir

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir laun starfsmanns og námskeiðsgjöld	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en ef námskeið er fyrir utan vinnutíma er ekki greidd yfirvinna nema að námskeið sé hluti af símenntunaráætlun. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn	Starfsmaðurinn fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
Starfstengd ósk <u>stjórnandans</u> og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk <u>starfsmanns</u> og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda.	Starfstengt en ekki forgangsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.	Yfir árið: <u>Eitt námskeið á hvern starfsmann.</u>	Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

Viðauki A: Matsáætlun



Dagskipulag Krummaklettar 2020-2021

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:00 – 8:15	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar
8:15 – 9:15	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði
9:15-9:30	Allar deildir. Sameiginleg söngstund í salnum	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur/ Útivera
9:30-10:00	Ávextir	Ávextir	Ávextir	Ávextir	Ávextir
10:00 – 11:00	Sérkennsla Hópastarf	Sérkennsla Hópastarf	Myndlist	Útikennsla Hópastarf	Sérkennsla Hópastarf
11:00- 12:00	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur
12:00 – 13:00	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld
13:00 – 14:00	Hreyfing Hópastarf	13:00 – 14:00 Hreyfing í íþróttahúsi	Myndlist	Hreyfing Hópastarf	Náttúruhorn/ Útikennsla
14:30 – 15:30	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði
15:30 – 17:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
17:00	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar



Viðauki Á



Dagskipulag Lambadalur							
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur		
8:00 – 8:15	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar		
8:15 – 9:15	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði	Morgunmatur/flæði		
9:15-9:30	Allar deildir. Sameiginleg söngstund í salnum	Frjáls leikur	Lubbastund Furuhópur	Málörvun/rím	Frjáls leikur		
9:30-10:00	Ávextir/ samvera	Ávextir/samvera	Ávextir	Ávextir	Ávextir		
10:00 – 11:00	Þemavinna Birkiþópur	Þemavinna Furuhópur	Listasmiðja Furuhópur Hreyfisalur Birkiþópur Málörvun/Hildur	Þemavinna Birkiþópur	Þemavinna Furuhópur	Tónlist	Frjáls leikur/ Útivera
11:00- 12:00	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	Frjáls leikur Hádegismatur/flæði - Lestur	
12:00 – 13:00	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld		
13:00 – 14:30	Útivera	Listasmiðja Birkiþópur Hreyfisalur Furuhópur	Lubbastund Birkiþópur	Hreyfisalur/ Málörvun útivera	Útivera/Hreyfisalur		
14:30 – 15:30	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði	Kaffitími/flæði		
15:30 – 17:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur		
17:00	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar		

Viðauki B

Smáholt

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:00	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar
8:15-9:00	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:30-9:50	Sameiginleg söngstund 9:15 Ávextir	Ávextir	Ávextir	Ávextir	Útivera/frjáls leikur Ávextir
9:50-11:20	Útivera	Tónlist Útivera	Hreyfisalur	Myndlist	Útivera
11:15-12:00	Söng/sögustund Hádegismatur	Söng/sögustund Hádegismatur	Söng/sögustund Hádegismatur	Söng/sögustund Hádegismatur	Söng/sögustund Hádegismatur
12:00-14:30	Hvíld Frjáls leikur/Blær	Hvíld Frjáls leikur/Lubbi	Hvíld Frjáls leikur/Blær	Hvíld Frjáls leikur/Lubbi	Hvíld Frjáls leikur/Blær
14:30-15:00	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími
15:00-17:00	Frjáls leikur/Útivera	Frjáls leikur/Útivera	Frjáls leikur/Útivera	Frjáls leikur/Útivera	Frjáls leikur/Útivera
	Ef ekki næst að fara út fyrir hádegi þá verður farið út eftir hádegi				

Viðauki c

Viðfangsefni sjálfsmats	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, námssvið, áherslur og námsmat.	Ný skólanámskrá			
Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta.	Útgefin að hausti ár hvert	Útgefin að hausti ár hvert	Útgefin að hausti ár hvert	Útgefin að hausti ár hvert
Leikskólabörn – líðan og þarfir	Broskarla, spurn.könnun, meta vellíðan og þátttöku barna	Broskarla, spurn.könnun, meta vellíðan og þátttöku barna	Broskarla, spurn.könnun, meta vellíðan og þátttöku barna	Broskarla, spurn.könnun, meta vellíðan og þátttöku barna
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, starfshættir, endurmenntun, samskipti og samstarf.	Starfsmannasamt. Spurningalistar	Starfsmannasamt. Spurningalistar	Starfsmannasamt. Spurningalistar	Starfsmannasamt. Spurningalistar
Stjórnun.				
Samstarf heimila og skóla.	Foreldrasamtöl Spurningakönnun	Foreldrasamtöl Spurningakönnun	Foreldrasamtöl Spurningakönnun	Foreldrasamtöl Spurningakönnun
Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið.				
Umbótaáðgerðir/þróunarstarf.	Spurningalistar Umræður	Spurningalistar Umræður	Spurningalistar Umræður	Spurningalistar Umræður
Ráðstöfun auðlinda - fjármagns, mannauðs, búnaðar og tíma	Fjárhagsáætlun Umræður	Fjárhagsáætlun Umræður	Fjárhagsáætlun Umræður	Fjárhagsáætlun Umræður

Viðauki D: Yfirlit yfir símenntun skólaársins

Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil	Tímafj	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Hvar
Starfsmannafundir Viðfangsefni	Efla fagþekkingu og samheldni starfs-mannahópsins.	Fyrsta fimmtudag. í hverjum mánuði	2 klst. 17:00- 19:00	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmiss málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans.	✓ Auka fagþekkingu starfsfólks	3. september	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmiss málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans	✓ Auka fagþekkingu starfsfólks	1. október	2 klst.		Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj.	Álfaborg
✓ Ýmiss málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans.	✓ Auka fagþekkingu starfsfólks	5. nóvember	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmiss málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans.	✓ Auka fagþekkingu starfsfólks	3. desember	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmiss málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans	✓ Stuðla að faglegri þekkingu starfsfólks og faglegum vinnubrögðum	7. janúar.	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg

✓ Ýmis málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans	✓ Stuðla að faglegri þekkingu starfsfólks og faglegum vinnubrögðum	4. febrúar.	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmis málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans ✓ Innra mat starfsmanna	✓ Mat á skólastarfi sem er liður í starfsáætlun skólans	4. mars	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn. leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Ýmis málefni er tengjast faglegu starfi leikskólans ✓ Mat foreldra á skólastarfinu	✓ Mat á skólastarfi sem er liður í starfsáætlun skólans	8. apríl.	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Mat á skólaárinu og umbótaáætlun ✓ Starfsskýrsla skólaársins-beinagrind ✓ Starfsáætlun næsta skólaárs unnin	✓ Mat á skólastarfi sem er liður í starfsáætlun skólans	6. maí	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj.	Álfaborg
✓ Mat á skólaárinu og umbótaáætlun ✓ Starfsskýrsla skólaársins-beinagrind ✓ Starfsáætlun næsta skólaárs unnin	✓ Mat á skólastarfi sem er liður í starfsáætlun skólans	3. júní	2 klst.	Yfirvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj.	Álfaborg

Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil	Tímafj	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Hvar
Starfsdagar og haustþing Viðfangsefni	Efla faglega vitund				Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Ýmsir staðir.
✓ Leikskólinn byrjar, áætlanagerð, uppsetning deilda.	✓ Undirbúningur fyrir komu barna og foreldra á tímum Covid-19.	4. ágúst	8 klst	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Hótel Selfoss
✓ Áætlunargerð ✓ Haustþing, frestað vegna Covid-19 takmarkana. Nýttur sem starfsdagur í staðinn með námskeiðum og innri skipulagningu leikskólans	✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks.	9. október	8 klst.	Yfirvinna fyrir þá starfsmenn sem ekki vinna á föstudögum eða eru í skertu hlutfalli á föstudögum.	Allir starfsmenn leikskólans	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Áætlunargerð	✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks	17. nóvember	8 klst	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Áætlunargerð	✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks	4. janúar	8 klst	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Innra mat	✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks	15. mars	8 klst	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans	Leikskólastj	Álfaborg
✓ Síðasti dagur fyrir sumarfrí	✓ Gengið frá fyrir sumarfrí.	30. júní	8 klst	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans	Leikskólastj	Álfaborg

Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil	Tímafj	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Hvar
Námskeið Viðfangsefni	Efla fagþekkingu og fagleg vinnubrögð í leikskólanum			Kostnaður	Allir starfsmenn leikskólans.	Hver ber ábyrgð	Ýmsir staðir.
ART kennsla Stendur fyrir Agressinon Replacement Training.	Að fleiri kennarar og leiðbeinendur innan leikskólans þekki til, tileinki sér og kunni að kenna börnum á ART og þarf að leiðandi bæta og hjálpa börnunum að læra á sjálf sig og efla félagsþroska	Skólaárið 2020 – 2021	X	Leikskóli	Sigríður Ósk og Lovísa	Leikskólastjóri	Selfoss og Álfaborg
Ukulele námskeið	Læra á fleiri hljóðfæri og auka fjölbreytini	Haust 2020	5klst	Starfsmaður / stéttarfélag	Lucie	Leikskólastjóri	Mosfellsbær
Tónlistarnámskeið	Efla sig í notkun og fjölbreytileika tónlistar	Haust 2020	5klst	Starfsmaður / stéttarfélag	Eyrún Ósk	Leikskólastjóri	Reykjavík
Orðaforði tvítyngdra leikskólabarna	Fjallað verður um máltöku tvítyngdra barna, málörvun og orðaforðakennslu barna af erlendum uppruna. Skoðaðar verða árangursríkar aðferðir sem efla málfarslegan þroska og framfarir í tileinkun íslensku sem annað mál.	Haust 2020	2,5	Enginn kostnaður	Lovísa Tinna og Hildur Hjálmsdóttir	Leikskólastjóri	Í gegnum Teams í leikskólanum

Hér er slóðin að skóladagatali Álfaborgar: <http://alfaborg.leikskolinn.is/158-alfaborg.leikskolinn.is/leikskoladagatal-%C3%A1lfaborgar-%202020-2021.pdf>